

120
22. des.

L Ö G

um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Dómsmálaráðherra skal heimilt að ákveða með auglýsingu, hvenær skemmtunum, dansleikum og öðrum samkvæmum, sem fram fara á almennum skemmtistöðum, félagahúsum eða veitingahúsum, skuli í síðasta lagi slitið.

Brot gegn reglum settum samkvæmt lögum þessum varða sektum allt að 10000 kr.

2. gr.

Öll ákvæði, er koma í bága við lög þessi, falla úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

121
22. des.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1948 með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1948 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfastgjöld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka gjöld samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum, og eignarskatt samkv. 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1948.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.